

Miðvikudaginn 21. október 1987.

Nr. 233/1987. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Konráði Jónssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1987 til sakfellingar samkvæmt ákæru, refsíákvörðunar og ökuleyfissviptingar.

Ákærði viðurkenndi að hafa verið undir áhrifum áfengis er hann ók bifreið sinni í umrætt sinn og er það stutt gögnum svo sem rakið er í héraðsdómi.

Ákærði bar fyrir sig, að hann hefði ekið vegna þvingunar. Var þetta atriði rannsakað eins og rakið er í héraðsdómi.

EKKI kemur fram af skýrslu ákærða eða vætti eiginkonu hans að þeim hjónum hafi stafað slík yfirvofandi hætta af mönnum þeim sem ruddust inn í bifreið þeirra að nauðsyn hafi borið til að ákærði æki bifreiðinni. Verður ákvæði 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ekki beitt.

Með akstri sínum í umrætt sinn hefur ákærði gerst brotlegur við ákvæði 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Upplýst er að hinn 17. ágúst 1982 undirgekkst ákærði réttarsátt í sakadómi Reykjavíkur fyrir brot gegn 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 26. gr. og 37. gr. umferðarlaga. Var hann þá sviptur ökuleyfi í 12 mánuði.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af ákvæðum 6. og 9. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 20.000,00 króna sekt í ríkissjóð en ákærði sæti ella 10 daga varðhaldi verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði. Ákvæði héraðsdóms um fjárhæð málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða í héraði er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 20.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Konráð Jónsson, greiði 20.000,00 króna sekt í ríkissjóð og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sæti sviptingu ökuleyfis ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns eins og þau eru ákveðin í héraðsdómi. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. apríl 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 2. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 256/1987: Ákærvaldið gegn Konráð Jónssyni sem tekið var til dóms þann 27. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 13. febrúar sl. á hendur ákærða, „Konráði Jónssyni, Meistaravöllum 21, Reykjavík, fæddum 10. júlí 1964 þar í borg, fyrir að aka, laugardaginn 11. október 1986, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-23003 frá heimili sínu upp á Hverfisgötu, en þar hætti hann akstri bifreiðarinnar.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfis sviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því sem fram er komið í málinu:

Laugardaginn 11. október sl. kl. 02:15 kom ákærði ásamt eiginkonu sinni, Elínu Lóu Kristjánsdóttur, á lögreglustöð í Reykjavík þeirra erinda að kæra tvo menn sem ruddust inn í bifreið þeirra R 23003 fyrir utan heimili þeirra og kröfðust þess að þeim yrði ekið að skemmtistaðnum Upp og Niður. Þar sem ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis var tekin af honum varðstjórnaskýrsla og hann síðan færður á slysadeild til töku á blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.05‰.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 3. nóvember sl. Kvaðst ákærði hafa verið á heimili sínu ásamt Elínu eiginkonu sinni og kvaðst ákærði hafa drukkið eina flösku af kampavíni, en Elín hefði ekki neytt áfengis. Kvað ákærði þau hafa ákveðið um kl. 01:30 að fara á skemmtistað og kvað hann þau hafa farið á bifreiðinni og hefði Elín ekið. Höfðu þau ekki farið langt er þau áttuðu sig á því að ákærði hafði gleymt vindlingum sínum heima. Kvað ákærði þau hafa snúið við og hann hlaupið inn en Elín beðið í bifreiðinni. Er ákærði kom út aftur kvað hann Elínu hafa verið komna í farþegasætið, en í aftursætinu sátu tveir menn sem ákærði þekkti ekki. Taldi ákærði að þeir væru kunnugir Elínu. Að sögn ákærða voru mennirnir „sjúskaðir“ og með læti. Kvaðst ákærði allt eins hafa átt von á því að þeir réðust á þau. Kvað ákærði Elínu hafa verið í „sjokki“, þannig að ákærði taldi ekki um annað að ræða en að hann tæki við stjórn bifreiðarinnar. Kvað ákærði mennina hafa sagt sér að aka að veitingastaðnum Upp og Niður við Laugaveg. Er ákærði ók austur Hverfisgötu og átti skammt ófarið að gatnamótum Hverfisgötu og Snorrabrautar kvað ákærði annan manninn hafa rifið í hárið í hnakka hans og sveigt höfuðið aftur. Kvað ákærði að annar maðurinn hafi náð að sparka í höfuð sér, en síðan hafi þeir farið út úr bifreiðinni. Kvaðst ákærði hafa ekið yfir umrædd gatnamót þar sem Elín tók við akstrinum. Kvað ákærði að þau hafi farið til bróður ákærða á Hjallavegi sem hafi ráðlagt þeim að fara til lögreglunnar og tilkynna um það sem átti sér stað. Kvað ákærði þau hafa gert það og kvaðst ákærði hafa tjáð lögreglumönnum að sér hefði verið þröngvað til að aka bifreiðinni.

Vitnið Elín Lóa Kristjánsdóttir, eiginkona ákærða, fædd 14. desember 1965, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 12. desember sl. og kom fyrir dóm þann 27. mars sl. Vitnið skoraðist ekki undan vitnisburði. Vitnið kvað þau hjónin hafa verið að halda upp á brúðkaupsafmæli sitt á heimili sínu umrætt sinn og kvaðst vitnið ekki hafa neytt áfengis, en ákærði hefði drukkið kampavín. Laust eftir miðnætti hafi þau ákveðið að fara á skemmtistað og kvaðst vitnið hafa sest undir stýri bifreiðarinnar og verið á leið út úr bifreiðastæðinu er í ljós kom að ákærði hafði

gleymt vindlingum sínum heima. Kvaðst vitnið hafa snúið við og beðið í bifreiðinni á meðan ákærði skropp inn. Þá hafi tveir menn ráðist inn í bifreiðina bifreiðastjóramegin og heimtað að þeim yrði ekið á tiltekinn veitingastað. Kvaðst vitnið hafa hrökklast undan mönnunum yfir í farþegasætið. Hafi ákærði síðan komið og sest inn í bifreiðina bifreiðastjóramegin. Hafi mennirnir haldið fast við að fá akstur á veitingastað. Ekki kvað vitnið mennina hafa verið með beinar hótanir, en framkoma þeirra hafi verið mjög ógnandi. Kvað vitnið ákærða hafa tekið þann kostinn að aka og hafi hann ekki ekið hratt eða ógætilega.

Við gatnamót Hverfisgötu og Snorrabrautar kvað vitnið að annar mannanna, Jóhann Traustason að nafni, hafi rifið í hár ákærða, en bifreiðin var þá á ferð. Að sögn vitnisins stöðvaði ákærði bifreiðina og sparkaði þá maður þessi í höfuð hans og fóru þeir síðan út úr bifreiðinni. Kvað vitnið ákærða hafa ekið yfir gatnamótin þar sem hann stansaði og vitnið tók við akstri bifreiðarinnar. Kvaðst vitnið hafa ekið heim til bróður ákærða og samkvæmt ráðleggingum hans fóru þau á lögreglustöðina og kærðu mennina. Kvaðst vitnið hafa tjáð lögreglunni að þau væru þangað komin til þess að kæra árás, en engin skýrsla hafi þá verið tekin af vitninu heldur einungis rannsakaður ætlaður ölvunarakstur ákærða.

Vitnið Jóhann Traustason, fæddur 17. desember 1958, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 8. janúar sl. og kom fyrir dóm þann 27. mars sl. Kvaðst vitnið hafa verið undir miklum áfengisáhrifum. Kvaðst vitnið hafa spurt Elínu hvort það og félagi þess Guðbjörn Gunnarsson gætu fengið far á tiltekinn veitingastað. Kvað vitnið Elínu hafa setið farþegamegin fram í bifreiðinni fyrir utan blokk vestur í bæ. Að sögn vitnisins vildi Elín fyrst fá samþykki ákærða. Kvaðst vitnið hafa farið inn í bifreiðina þeim megin sem Elín sat. Vitnið kvaðst hafa minnst á það við ákærða að því þætti akstur hans ógætilegur. Vitnið mundi ekki eftir að hafa lagt hendur á ákærða en kvað þó ekki útilokað að svo hafi verið. Kvað vitnið ölvunarástand sitt hafa verið þannig að það myndi atburði illa af þeim sökum. Vitnið kvaðst kannast við Elínu; hefði hún verið gift bróður vitnisins svokallaðri sparimerkjagiftingu. Ítrekað aðspurt kvaðst vitnið muna það greinilega að Elín sat í farþegasæti bifreiðarinnar.

Vitnið Guðbjörn Gunnarsson, fæddur 18. ágúst 1956, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 8. janúar sl. og kom fyrir dóm þann 27. mars sl. Vitnið kvaðst hafa verið undir töluverðum áfengisáhrifum umrætt sinn. Kvaðst vitnið hafa verið statt ásamt Jóhanni í húsi við Meistaravelli og hafi þeir ætlað á dansleik. Hafi þeir þá hitt stúlku sem Jóhann kannaðist við og sat hún í bifreið sem sneri með framendann í norður við vestari enda Kaplaskjólsvogar. Vitnið kvaðst ekki geta fullrytt hvorum megin stúlkan sat í bifreiðinni. Kvaðst vitnið þá hafa beðið um far,

sem hafi verið auðsótt mál, og settust þeir inn í bifreiðina, en ekki mundi vitnið hvorum megin þeir fóru inn. Kvað vitnið ákærða hafa sest inn í bifreiðina og ekið af stað án nokkurra þvingana. Hafi ákærði ekið hlykkjótt og kvað vitnið Jóhann hafa gert athugasemd við það, ýtt við honum og hrist hann til. Er ákærði hafði stansað kvað vitnið að Jóhann hefði sparkað framan í ákærða. Vitnið kvað þá ekki hafa ruðst inn í bifreiðina; þó taldi vitnið ekki útilokað að stúlkan hefði hleypt þeim inn í bifreiðina af hræðslu við vitnið og Jóhann. Vitnið kvað Jóhann hafa rífið í hár ákærða meðan á akstri stóð. Vitnið kvaðst muna frekar óljóst eftir atvikum sökum ölvunarástands síns.

Niðurstöður:

Í máli þessu er upplýst að ákærði ók bifreið sinni undir áhrifum áfengis eins og lýst er í ákæruskjali. Ákærði hefur hins vegar hreyft þeirri málsvörn að hann hafi verið þvingaður til akstursins. Hefur eiginkona ákærða borið um málsatvik á sama hátt. Þá er til þess að líta að þau hjónin fara sjálfviljug á lögreglustöð í þeim tilgangi að leggja fram kæru á hendur ofangreindum mönnum. Skýrslur vitnanna Jóhanns og Guðbjörns verður að meta með hliðsjón af ölvunarástandi þeirra. Þegar litið er til þess að mennirnir ryðjast með ölvunarlátum inn í bifreiðina og flæma eiginkonu ákærða úr öikumannssæti og vekja þannig með henni og ákærða, sem síðar kom inn í bifreiðina, ótta um eigin velferð, verður eins og mál þetta er vaxið að telja að ákærða hafi borið nauðsyn til að afstýra yfirvofandi hættu með því að láta undan kröfum mannanna. Ber því með vísan til 13. gr. almennra hegningarlaga að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að fella allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hdl., kr. 7.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Konráð Jónsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hdl., kr. 7.000,00.